

Kæru útskriftarnemar og aðrir gestir.

Ég vil bjóða ykkur velkomin hingað á þessa 12. brautskráningarathöfn frá Menntaskólanum á Tröllaskaga. Í ágúst hófum við 6. starfsár skólans og í þetta sinn útskrifast 17 nemendur til viðbótar þeim 108 sem áður hafa verið brautskráðir. Sjö útskrifast af félags- og hugvísindabraut, einn af íþróttabraut - íþróttasviði, sex af náttúruvísindabraut, tveir af starfsbraut og einn lýkur viðbót við starfsnám til stúdentsprófs. Það er gaman að geta þess að 5 þessara nemenda koma frá Dalvík og hafa aldrei fleiri þaðan útskrifast í einu frá skólanum. Þá hafa aldrei útskrifast jafn margir fjarnemar en þeir eru sex að þessu sinni. Stúdentahópurinn okkar stækkar því óðfluga, kominn á annað hundraðið.

Starfið á skólaárinu hefur gengið vel. Kennsla hófst 18. ágúst og stunduðu rúmlega 260 nemendur nám við skólann á vorönn sem er mesti fjöldi sem verið hefur. Þar af voru um 110 skráðir í dagskóla en aðrir í fjarnám. Segja má að á þessu skólaári hafi orðið sprenging í fjarnámi og hefur fjarnemum við skólann fjölgað mikið. Fjarkennsla skólans hefur spurst vel út og er eftirsótt. Þá stunduðu 12 10. bekkingar fjarnám við skólann á haustönn og 7 á vorönn. Hlutfall nemenda sem koma úr Fjallabyggð er 30% og 7% koma úr Dalvíkurbyggð og 8% frá Akureyri en 55% koma úr öðrum byggðarlögum. Það vekur athygli að 21% kemur af höfuðborgarsvæðinu og eru það að mestu fjarnemar.

Flestir nemendur voru á félags- og hugvísindabraut eða 117, 26 voru á listabraut, 57 á náttúruvísindabraut, 26 á íþróttabraut og 10 á starfsbraut. Þá voru 7 nemendur skráðir í viðbótarnám til stúdentsprófs. Starfsmenn við skólann á þessari önn hafa verið 23. Líkt og áður hefur skólinn átt í góðu samstarfi við Tónskóla Fjallabyggðar sem og ýmsa aðra aðila í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð. Þá hefur einnig verið gerður samningur við Listaháskóla Íslands og hafa nemendur hans meðal annars komið og kennt í miðannarviku. Þá hefur skólinn átt í góðu samstarfi við aðra framhaldsskóla innan Fjarmentaskólans sem og Verzlunarskóla Íslands og einnig hefur verið gerður samstarfssamningur norðlenskra framhaldsskóla að frumkvæði menntamálaráðherra. Nú í lok þessarar annar hafa nemendur og kennarar uppskorið af erfiðni sínu og stoltir nemendur setja upp hvítu kollana hér í dag.

Á þeim sex árum sem skólinn hefur starfað er starfsemi hans komin í ákveðinn farveg. Þó er alltaf þróun í gangi og má þar nefna fjarnámið sem stöðugt teygir sig inn í fleiri greinar. Skólinn hefur meðal annars skapað sér sérstöðu á sviði lista og þar hafa nokkrir nemendur til dæmis stundað fjarnám. Líkt og áður hafa fjölbreytt verk nemenda vakið athygli á sýningum í lok hverrar annar. Sýning vorannar var haldin laugardaginn 14. maí og var glæsileg að vanda. Þar mátti finna málverk,

Ljósmyndir, myndbönd og tónlist ásamt fjölbreyttum sýnishornum af vinnu nemenda. Sýningin hefur verið opin alla vikuna og lýkur formlega í dag á þessum útskriftardegi. Sýningar þessar hafa verið ákaflega vel sóttar og erum við líka mjög stolt af þeim og nemendum okkar.

Eins og síðustu annir hefur skólinn tekið þátt í erlendum samstarfsverkefnum. Slík verkefni teljum við ákaflega gefandi og lærdómsrík. Þetta skólaár vorum við í samstarfi við danskan skóla á Jótlandi í svo kölluðu Nordplus verkefni. Þetta er skóli þar sem lögð er áhersla á íþróttir og útvist og heimsótti hópur nemenda, ásamt kennurum, þennan skóla í október og í apríl kom hópur nemenda og kennara frá danska skólanum hingað til okkar. Þá hafa kennarar einnig stundað endurmenntun í Kaupmannahöfn með Erasmus styrk, þar sem þeir dvöldu í framhaldsskólum í eina viku og fylgdust með starfinu þar. Þá styrkti Sprotasjóður skólann vegna áfanga þar sem matargerð- og listir voru samþætt. Enn höfum við svo hlotið Erasmus-styrk til endurmenntunar og starfsefningar kennara á næsta skólaári. Starf skólans hefur einnig hlotið viðurkenningu víðar og er ánægjulegt að geta þess að í síðustu viku hlaut skólinn viðurkenningu sem Stofnun ársins í flokki meðalstórra stofnana í könnun Stéttarfélags í almannajónustu og er það annað árið í röð. Erum við afar þakklát og stolt af þessari viðurkenningu á starfi okkar. Allt slíkt styrkir okkur og eflir í skólastarfinu.

Kæru útskriftarnemar, -nú þegar þið ljúkið þessum áfanga í lífi ykkar langar mig til að þakka ykkur góða samveru og ánægjulega viðkynningu og óska ykkur velfarnaðar í öllu því sem þið takið ykkur fyrir hendur í framtíðinni.